

28. febrúar 2012

Stjórnlagaráð.

Meðfylgjandi er erindi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til stjórnlagaráðs vegna þingmáls nr. 3, skýrslu um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Líkt og sjá má af umsögnum sem borist hafa nefndinni og liggja frammi á vef Alþingis eru athugasemdir af ýmsum toga.

Þrjú atriði þykir rétt að nefna sérstaklega. Í fyrsta lagi að athugasemdir hafa verið gerðar við að lagaleg óvissa skapist ef orðalagi einstakra greina stjórnarskrárinnar er breytt þó merking þeirra eigi að haldast óbreytt. Í öðru lagi hefur verið vakin athygli á að nauðsyn sé að samræma orðalag við þjóðréttarsamninga sem gerðir hafa verið. (Þetta á sérstaklega við um ákvæði í mannréttindakafla). Í þriðja lagi að í einhverjum tilfellum yrði til bóta að hafa orða- og/eða setningaröðun aðra en þá sem er í tillögum stjórnlagaráðsins án þess þó að breyta efnisinnhaldi þeirra (nefna má greinar 33 – 35 sem dæmi um þetta). Gott væri að heyra viðhorf stjórnlagaráðsins til þessara athugasemda.

Þá er rétt að geta þess að ýmsir sem hafa sent umsagnir eða mætt á fund nefndarinnar eru einfaldlega andsnúnir tillögum stjórnlagaráðsins í einstökum eða allmörgum atriðum. Ekki er talin ástæða til að tunda þau atriði sérstaklega við stjórnlagaráð enda hefur það skilað sínum tillögum.

Meiri hluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar stefnir að því að ljúka gerð þingsályktunartillögu um að leggja tillögur stjórnlagaráðs í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fari samhliða forsetakosningum í lok júní nk., sbr. þingsályktun á skjali nr. 859 (mál nr. 6). Áður en gengið verður frá þeirri tillögu er farið fram á að fulltrúar í stjórnlagaráði taki afstöðu til nokkurra álitamála sem fylgja þessu bréfi.

Að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu yrði framhald málsins smíði lagafrumvarps um breytingu á stjórnarskrá sem lagt yrði fyrir Alþingi á haustþingi og afgreitt áður en þing er rofið fyrir alþingiskosningar vorið 2013.

Nefndarritari mun senda yfirlit yfir vinnu stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til stjórnlagaráðs síðar í dag.

Virðingarfyllst,

---

Valgerður Bjarnadóttir formaður.

STJÓRNSKIPUNAR- OG EFTIRLITSNEFND